Árshlutauppgjör 2F 2026

Herdís Dröfn og Eðvald Ingi

SÝN



Fyrri árshelmingur í hnotskurn

Vöxtur í kjarnastarfsemi

Áframhaldandi vöxtur í fjarskiptum og fjölmiðlun

Enski boltinn styrkir sjónvarpsframboðið

Tekjur án Sendafélagsins jukust um 6,0% á fyrri helmingi ársins

Skilvirkari rekstur

Kostnaðaraðhald og einfaldari rekstur skilar árangri

Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður dregst saman þrátt fyrir áframhaldandi áskoranir í rekstrarumhverfinu

Samrunar Já og Endor inn í Sýn og endurmörkun síðasta árs farin að skila sér

Aukin nýting gervigreindar styður við hagræðingu, skilvirkari verkferla og minni fjárfestingaþörf til framtíðar

Sterkari grunnur

Breytt rekstrarfyrirkomulag með Sendafélaginu

Lægri skuldsetning og minni fjárfestingaþörf í innviðum

Hreinar vaxtaberandi skuldir lækkað um milljarð

Sterkara sjóðstreymi frá rekstri styður við fjárhagslegan sveigjanleika

Skýrari fókus á kjarnastarfsemi

V&Ú áfram innan Sýnar

Skilmálaskjal undirritað í mars og samningaviðræður fóru fram

Sýn uppfyllti forsendur skilmálaskjalsins og rekstrarárangur V&Ú var umfram áætlun

Endanlegt samkomulag náðist ekki

Öflug eining í góðum rekstri sem verður áfram hluti af Sýn, með sterk tækifæri til vaxtar og frekari verðmætasköpunar

SÝN

Lykiltölur í rekstri

Tekjur	EBITDAaL	Fjárfestingar	EBITDAaL-Fjárf.	Afkoma	Stöðugildi
1H 2026	1H 2026	1H 2026	1H 2026	1H 2026	1H 2026*
11.020 +3,2% ↑	**1.837** +41,8% ↑	**1.528** +38,5% ↑	**310** +61,0% ↑	**-506** +12 ↑	**367** -47 ↓
2F 2026	2F 2026	2F 2026	2F 2026	2F 2026	
5.559 +2,8% ↑	995 +39,0% ↑	691 +10,7% ↑	305 +229,6% ↑	-215 -41 ↓	

Upphæðir eru í m.kr.

Hlutfallstölur sýna breytingu frá sama tímabili fyrra árs.

* Stöðugildi í lok annars ársfjórðungs

SÝN

Fjárhagsuppgjör



Rekstrarreikningur 2F

Upphæðir eru í m.kr.

	2F 2026	2F 2025	br.	% br.
Seldar vörur og þjónusta	5.559	5.407	152	2,8%
KSV&Þ	-2.275	-2.279	4	-0,2%
Laun og launatengd gjöld	-1.482	-1.529	47	-3,1%
Annar kostnaður	-515	-562	47	-8,4%
EBITDA	**1.288**	**1.037**	**250**	**24,1%**
Afskriftir	-1.242	-972	-270	27,8%
Hrein fjármagnsgjöld	-308	-284	-23	8,1%
Áhrif hlutdeildarfélaga	-7	0	-8	-
Tekjuskattur	54	45	10	21,3%
Hagnaður tímabilsins	**-215**	**-174**	**-41**	**23,3%**
Hreinar leigugreiðslur	-292	-322	30	-9,2%
EBITDAaL	**995**	**716**	**279**	**39,0%**
Fjárfestingar	-691	-624	-67	10,7%
EBITDAaL - fjárfestingar	**305**	**92**	**212**	**229,6%**

Tekjur hækka um 2,8% milli ára. Leiðrétt fyrir áhrifum Sendafélagsins nam tekjuvöxturinn 5,5%.

Kostnaðaraðhald skilar sér á fjórðungnum

- Rekstrarkostnaður lækkar samtals um 2,3% þrátt fyrir tekjuvöxt, sem endurspeglar aukna rekstrarhagkvæmni.
- KSV&Þ stendur nánast í stað þrátt fyrir 93 m.kr. hærri kostnað vegna Sendafélagsins.
- Fækkun stöðugilda skilar sér í lægri launakostnaði.
- Annar rekstrarkostnaður lækkar um 47 m.kr. vegna aukinnar skilvirkni í rekstri og kostnaðar vegna endurmörkunar félagsins á samanburðartímabili.

Sterkari afkoma fyrir afskriftir


- **EBITDAaL** hækkar um 279 m.kr.
- **EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum** nam 305 m.kr., samanborið við 92 m.kr. í fyrra.

SÝN

Tekjustraumar 2F

Upphæðir eru í m.kr.

Tekjustraumar	2F 2026	2F 2025	br.	% br.
Internet	1.219	1.194	25	2,1%
Farsími	947	885	62	7,0%
IoT	52	74	-23	-30,4%
Fastlína	109	112	-3	-2,7%
Fjölmiðlun	1.936	1.724	212	12,3%
Auglýsingatekjur	767	703	64	9,1%
Vörusala	232	211	21	9,8%
Hýsingar- og rekstrarlausnir	61	117	-56	-47,7%
Aðrar tekjur	151	165	-14	-8,5%
Samtals án Sendafélags	**5.473**	**5.186**	**287**	**5,5%**
Sendafélag	86	221	-136	-61,3%
Heildartekjur	**5.559**	**5.407**	**152**	**2,8%**



Tekjur án Sendafélagsins aukast um 5,5% milli ára.

Kjarnatekjustraumar áfram í sókn

- Hóflegur vöxtur í interneti.
- Áframhaldandi vöxtur í farsímatekjum, studdur af fjölgun áskrifenda og gestareiki.

Fjölmiðlun helsti drifkraftur vaxtar

- Fjölmiðlatekjur aukast um 12,3% milli ára. Leiðrétt fyrir breyttri lotun fjölmiðlastyrks er vöxturinn 10,1%.
- Vöxturinn er áfram studdur af auknum tekjum af sjónvarpsáskriftum vegna fjölgunar áskrifenda að íþróttastöðvum Sýnar.
- Auglýsingatekjur aukast um 9,1%, einkum vegna aukinnar sölu á íþróttastöðvum Sýnar.
- Auglýsingasala á Vísi eykst um 4% en aðrir miðlar dragast lítillega saman.

Samdráttur í öðrum tekjuliðum

- Hýsingar- og rekstrarlausnir dragast saman um 47,7%. Áhrif á afkomu eru takmörkuð vegna lágrar framlegðar þessara tekna.
- Tekjur af IoT dragast saman um 30,4% milli ára.

SÝN

Rekstrarreikningur 1H

Upphæðir eru í m.kr.

	1H 2026	1H 2025	br.	% br.
Seldar vörur og þjónusta	11.020	10.677	342	3,2%
KSV&Þ	-4.548	-4.492	-56	1,2%
Laun og launatengd gjöld	-3.018	-3.164	147	-4,6%
Annar kostnaður	-1.042	-1.096	53	-4,9%
EBITDA	**2.412**	**1.925**	**487**	**25,3%**
Afskriftir	-2.445	-2.001	-443	22,2%
Hrein fjármagnsgjöld	-604	-578	-26	4,5%
Áhrif hlutdeildarfélaga	3	2	1	-
Tekjuskattur	127	134	-7	-5,1%
Hagnaður tímabilsins	**-506**	**-518**	**12**	**-2,2%**
Hreinar leigugreiðslur	-575	-630	55	-8,8%
EBITDAaL	**1.837**	**1.295**	**542**	**41,8%**
Fjárfestingar	-1.528	-1.103	-425	38,5%
EBITDAaL - fjárfestingar	**310**	**192**	**117**	**61,0%**

Tekjur hækka um 3,2% milli ára. Leiðrétt fyrir áhrifum Sendafélagsins nam tekjuvöxtur 6,0%.

Áframhaldandi kostnaðaraðhald

- Heildarrekstrarkostnaður lækkar um 1,6% milli ára og styður við áframhaldandi viðsnúning í rekstrinum.
- KSV&Þ hækkar um 1,2%, en að teknu tilliti til 189 m.kr. aukins kostnaðar vegna Sendafélagsins lækkar liðurinn um 2,9%.
- Laun og launatengd gjöld lækka um 4,6%, þrátt fyrir 79 m.kr. minni eignfærslu launakostnaðar.
- Annar rekstrarkostnaður lækkar um 4,9%, m.a. vegna minni aðkeyptrar þjónustu og markaðskostnaðar vegna endurmörkunar félagsins á síðasta ári.

Sterkari lykilmælikvarðar


- **EBITDA** hækkar um 25,3% og **EBITDAaL** um 41,8%.
- **EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum** hækkar um 117 m.kr.

SÝN

Tekjustraumar 1H

Upphæðir eru í m.kr.

Tekjustraumar	1H 2026	1H 2025	br.	% br.
Internet	2.459	2.392	67	2,8%
Farsími	1.855	1.683	172	10,2%
IoT	105	171	-66	-38,8%
Fastlína	223	221	1	0,6%
Fjölmiðlun	3.880	3.382	498	14,7%
Auglýsingatekjur	1.424	1.304	120	9,2%
Vörusala	479	474	5	1,0%
Hýsingar- og rekstrarlausnir	118	234	-117	-49,7%
Aðrar tekjur	304	371	-67	-18,0%
Samtals án Sendafélags	**10.847**	**10.233**	**614**	**6,0%**
Sendafélag	173	445	-272	-61,2%
Heildartekjur	**11.020**	**10.677**	**342**	**3,2%**



Tekjur án Sendafélagsins aukast um 6,0% á fyrri helmingi ársins.

Vöxtur í helstu tekjustraumum

- Fjölmiðlun: +498 m.kr. Leiðrétt fyrir breyttri lotun fjölmiðlastyrks er vöxturinn +425 m.kr.
- Farsími: +172 m.kr.
- Auglýsingatekjur: +120 m.kr.
- Internet: +67 m.kr.

Fjölmiðlun og farsími bera stærstan hluta vaxtarins, með samtals 670 m.kr. aukningu frá fyrra ári.

Á móti vextinum vega einkum

- Sendafélag: -272 m.kr.
- Hýsingar- og rekstrarlausnir: -117 m.kr.
- Aðrar tekjur: -67 m.kr.
- IoT: -66 m.kr.

Heildartekjur aukast um 342 m.kr., eða 3,2%, milli ára.

SÝN

Starfsþáttayfirlit

Upphæðir eru í m.kr.

1H 2026	Fjölmiðlun	Fjarskipti	Stoðsvið og jöfnun	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	4.817	6.340	-137	11.020
Heildarrekstrargjöld	-3.396	-5.349	137	-8.608
EBITDA	**1.421**	**991**	**0**	**2.412**
Leigukostnaður	-142	-432	0	-575
EBITDAaL	**1.279**	**559**	**0**	**1.837**
Fjárfestingar	-1.211	-317	0	-1.528
EBITDAaL - fjárfestingar	**68**	**242**	**0**	**310**

1H 2025	Fjölmiðlun	Fjarskipti	Stoðsvið og jöfnun	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	4.517	6.352	-193	10.677
Heildarrekstrargjöld	-3.660	-5.285	193	-8.752
EBITDA	**858**	**1.068**	**0**	**1.925**
Leigukostnaður	-142	-488	0	-630
EBITDAaL	**715**	**580**	**0**	**1.295**
Fjárfestingar	-808	-295	0	-1.103
EBITDAaL - fjárfestingar	**-93**	**285**	**0**	**192**

Fjarskipti
Starfsemi á sviði fjarskipta felur í sér alla helstu fjarskiptaþjónustu, þar á meðal farsíma-, fastlínu- og internetþjónustu, hlutaneti (IoT), vörusölu til einstaklinga og fyrirtækja, auk hýsingar- og rekstrarlausna. Þjónustan nær til bæði heimila og fyrirtækja og spannar alla virðiskeðju fjarskipta, frá rekstri innviða til dreifingar og stuðningsþjónustu. Vörusala og hýsingar- og rekstrarlausnir eru innifaldar í þessum starfsþætti, en vegna smæðar og eðlis þeirra eru þær ekki aðskildir starfsþættir. Til starfsþáttar fjarskipta er jafnframt úthlutað hlutdeild í áskriftartekjum félagsins.

Fjölmiðlun
Starfsemi á sviði fjölmiðlunar nær til auglýsingasölu, reksturs vefmiðla, útvarps og sjónvarps, auk nýmiðlunar undir vörumerkinu Já.is. Hún felur í sér framleiðslu og miðlun efnis, dreifingu á stafrænum og hefðbundnum miðlum, og þjónustu við auglýsendur og markaðsaðila.

SÝN

Efnahagsreikningur

Upphæðir eru í m.kr.

	30.6.2026	31.12.2025	br.	% br.
Rekstrarfjármunir	1.466	1.609	-143	-8,9%
Viðskiptavild	7.818	7.818	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.465	4.634	-169	-3,7%
Leigueignir	7.645	7.869	-224	-2,8%
Eignahlutir í félögum	912	917	-5	-0,5%
Langtímaleigukröfur	82	99	-17	-17,2%
Lán til tengdra	92	1.024*	-932	-91,0%
Tekjuskattseign	461	334	127	38,0%
Fastafjármunir samtals	**22.941**	**24.304**	-1.363	-5,6%
Sýningarréttir	2.147	2.451	-304	-12,4%
Birgðir	315	363	-48	-13,2%
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakr.	3.941	3.637	304	8,4%
Handbært fé	113	107	6	5,0%
Veltufjármunir samtals	**6.515**	**6.558**	-43	-0,7%
Eignir samtals	**29.456**	**30.862**	-1.406	-4,6%
Eigið fé samtals	**7.563**	**8.050**	-487	-6,1%
Vaxtaberandi skuldir	3.286	3.791	-505	-13,3%
Leiguskuldbindingar	11.644	11.824	-180	-1,5%
Langtímaskuldir samtals	**14.931**	**15.615**	-684	-4,4%
Vaxtaberandi skuldir	2.449	3.006	-557	-18,5%
Leiguskuldbindingar	548	584	-36	-6,2%
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímask.	3.966	3.608	358	9,9%
Skammtímaskuldir samtals	**6.962**	**7.197**	-235	-3,3%
Eigið fé og skuldir samtals	**29.456**	**30.862**	-1.406	-4,6%

*Krafa á Sendafélagið endurflokkuð

Heildareignir félagsins námu 29.456 m.kr. í lok tímabilsins og lækka um 1.406 m.kr. (4,6%) frá áramótum.

- Lán til tengdra aðila lækka um 932 m.kr. vegna greiðslu frá Sendafélaginu í upphafi árs. Krafa á Sendafélagið hefur verið endurflokkuð í samanburðartölum.
- Veltufjármunir eru nær óbreyttir frá áramótum og nema 6.515 m.kr.

Eigið fé í lok tímabilsins nam 7.563 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 25,7%, samanborið við 26,1% í árslok 2025.

Skuldastaða styrkist

- Greiðslan frá Sendafélaginu var nýtt til niðurgreiðslu skulda og vaxtaberandi skuldir lækka um rúman 1,0 ma.kr. frá áramótum.
- Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga námu 5.623 m.kr. samanborið við 6.690 m.kr. í árslok 2025, og lækka því um 1.067 m.kr.
- Heildarskuldir lækka um 919 m.kr., eða um 4,0% frá áramótum.

SÝN

Sjóðstreymi

Upphæðir eru í m.kr.

	1H 2026	1H 2025	br.	% br.
Afkoma tímabilsins skv. rekstrarreikningi	**-506**	**-518**	**12**	**-2,3%**
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi	2.936	2.461	475	19,3%
Veltufé frá rekstri	**2.430**	**1.943**	487	25,1%
Breyting á rekstratengdum eignum og skuldum	107	-2	109	-
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	**2.537**	**1.941**	**596**	30,7%
Hrein greidd vaxtagjöld	-611	-610	-1	0,1%
Handbært fé frá rekstri	**1.926**	**1.331**	**595**	**44,7%**
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	-137	-139	2	-1,5%
Fjárfesting í óefnislegum eignum	-263	-244	-19	7,6%
Fjárfesting í sýningarrétti	-1.128	-720	-408	56,7%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	945	0	945	-
Fjárfestingahreyfingar samtals	**-583**	**-1.103**	**520**	**-47,2%**
Afborganir vaxtaberandi skulda	-169	-169	0	0,0%
Rekstrarlán, breyting	-894	353	-1.247	-
Afborganir leiguskuldbindinga	-275	-327	52	-15,7%
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-1.338**	**-143**	**-1.196**	**837,3%**
Breyting á handbæru fé	**5**	**85**	**-80**	**-93,8%**
Handbært fé í byrjun tímabilsins	**107**	**264**	**-157**	**-59,4%**
Handbært fé í lok tímabilsins	**113**	**349**	**-236**	**-67,7%**

Sterkara sjóðstreymi frá rekstri

- Handbært fé frá rekstri nam 1.926 m.kr., samanborið við 1.331 m.kr. í fyrra og jókst því um 595 m.kr. (44,7%).
- Fjárfestingar námu 1.528 m.kr., samanborið við 1.103 m.kr. í fyrra. Aukningin skýrist einkum af fjárfestingu í sýningarrétti í Enska boltanum.
- Aðrar fjárfestingahreyfingar voru jákvæðar um 945 m.kr., þar af 938 m.kr. greiðsla frá Sendafélaginu.


Skuldir greiddar niður

- Rekstrarlán lækkuðu um 894 m.kr., þar sem greiðsla frá Sendafélaginu var m.a. nýtt til niðurgreiðslu skulda.

Handbært fé nam 113 m.kr. í lok tímabilsins, nær óbreytt frá 107 m.kr. í upphafi árs.

Sjóðstreymisbrú

1H 2026 · m.kr.



Fréttir af starfsemi



Farnetskerfi Sýnar

Hröð framþróun á farnetskerfum

Aukin afkastageta og útbreiðsla

- 750 4G sendastaðir í rekstri, þar af um 215 samnýttir fyrir 5G.
- Áframhaldandi uppbygging á landsbyggðinni og stofnvegum
- Aukin afkastageta samhliða vaxandi notkun.

5G Standalone (5G SA) – næsta skref í farsímanetinu

- Nýr 5G Standalone kjarni tekinn í notkun á árinu.
- Gert ráð fyrir 240 5G SA sendum í árslok.
- Meiri afkastageta, lægri svartími og betri orkunýting.
- Styður við nýjar þjónustur



ÖFLUGT FARNET ÞEGAR MEST REYNIR Á



Farnetið stenst stærstu álagsprófin

Kaleo á Þingvöllum

- Sendastöðum fjölgað tímabundið úr einum í fjóra fyrir um 20.000 gesti.

Sólmyrkvinn

- Eitt mesta álag ársins á farnetið.
- Bráðabirgðasendar og aukin afkastageta sett upp í samstarfi við Sendafélagið.

Aukin afkastageta á fjölsóttum viðburðum

- Þjóðhátíð, Landsmót hestamanna, Unglingalandsmót og fleiri stórir viðburðir.
- Tímabundnar lausnir og aukin 4G/5G afkastageta tryggja góða þjónustu þegar álag eykst verulega.

SÝN

SÝN+


Aukin þjónusta við áskrifendur

- 26. ágúst fór ný læst línuleg rás í loftið, **SÝN+**. Nýja rásin gerir nýjasta og vinsælasta efni SÝN+ aðgengilegt í línulegu dagskrárformi. Breytingin eykur þjónustu við okkar áskrifendur sem vilja njóta úrvalsefnis SÝN+ á línulegri rás.

- Gæða íslenskt efni heldur áfram að vera sérstaða dagskrár okkar á SÝN+ en samhliða því er öflugt úrval erlendra þátta í boði.


- Sjónvarpsstöðin SÝN heldur áfram að vera í opinni dagskrá.

SÝN+













SÝN

Sportið á heima hjá Sýn

Að meðaltali
8 útsendingar á dag!

SÝN Sport
Besta sportstöð í heimi



Bylgjan með yfirburðahlustun þvert á aldurshópa og kyn


172.760
manns

á aldrinum **12-80 ára** hlusta á útvarpsstöðvar Sýnar í hverri viku*

40 ÁRA Bylgjan

*Rafrænar ljósvakamælingar Gallup, 1. og 2. ársfjórðungur 2026

Vísir er **vinsælasti** innlendi vefmiðill landsins*



*Netmiðlamæling Maskínu, 2. ársfjórðungur 2026

SÝN

Horfur



Afkomuspá 2026

EBITDAaL-Fjárf.	0,8 – 1,2 ma.kr.
Fjárfestingar	3,2 – 3,4 ma.kr.

Niðurstöður fyrri helmings ársins 2026 eru umfram væntingar stjórnenda.

EBITDAaL er yfir áætlun félagins og **fjárfestingar** undir áætlun á fyrri helmingi ársins. Hluti fráviks í fjárfestingum skýrist þó af hliðrun milli tímabila.

Stjórnendur **staðfesta áður útgefna afkomuspá fyrir árið 2026.**

SÝN

Fyrirvari á uppgjörskynningu

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Sýn hf. telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Ekki er þó ekki hægt að tryggja að fullu að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru í eigu Sýn hf. Kynningu þessa og upplýsingar sem í henni eru er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að öllu leyti né að hluta.

Þessi kynning er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. Sýn hf. er ekki á nokkurn hátt skylt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið né gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef þær upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

Sýn hf. mun ekki uppfæra framtíðarhorfur félagsins í kynningu þessari vegna aðstæðna sem munu til koma eftir að hún hefur verið sett fram. Sýn hf. bendir á að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

SÝN


SÝN